



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

KEILIR

Hagnýtt og fjölbreytt
námsframboð í framsæknu og
nú tímalegu skólaumhverfi

ÁRSSKÝRSLA 2012



FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

Árið 2012 var Keili að flestu leyti gjöfult. Aðsókn nemenda heldur áfram að vaxa og tengsl við atvinnulífið styrkjast óðum. Keilir er í raun orðið þekkt vörumerki og virðist hafa á sér jákvætt yfirbragð. Meginskýring þess er eldlegur áhugi starfsfólks á að veita skjólstæðingum sínum góða þjónustu. Einkenni skólastarfs á að vera sterk þjónusta við þá sem valið hafa sér það hlutskipti að setjast á skólabekk. Í flestum tilvikum getur verið um erfiða ákvörðun að ræða – ekki síst ef hlé hefur orðið á námsferlinu – og skiptir þá sköpum fyrir hinn námsfúsa að finna vilja kennara og starfsfólks til að veita alla þá aðstoð sem í boði er. Það er einmitt einkenni starfsfólks Keilis og verður seint full þakkað.

Með sama hætti eru tengsl Keilis við atvinnulífið að styrkjast með beinum og óbeinum hætti. Stöðugt fleiri fyrirtæki leita til Keilis um samstarf

af ýmsum toga enda er stefna okkar sú að vera í lífandi tengslum við atvinnulífið. Til þess var Keilir m.a. stofnaður. Stór áfangi náðist á árinu 2012 þegar fyrsti hópur fullgildra tæknifræðinga var útskrifaður við hátíðlega athöfn. Fyrsti háskólahópurinn frá Keili í einkar góðu samstarfi við Háskóla Íslands. Ánægjulegt er að sjá hvernig hinir nýju tæknifræðingar hasla sér völl – ýmist í frekara háskólanámi eða með stofnun fyrirtækja um lokaverkefni sín. Aðstaðan á Ásbrú opnar frumkvöðlunum ýmis spennandi tækifæri.

Keilir steig mikilvæg skref til speglaðra kennsluhátta (flipped classroom) á árinu. Má segja að Keilir sé leiðandi skóli á því sviði. Fjölmargir gestir hafa lagt leið sína til Keilis í því skyni að fræðast um speglaða kennslu. Þá hefur myndast samstarfsvettvangur við marga aðila



um hina nýju kennsluhætti. Kennarar Keilis hafa verið óhræddir við að stíga ný og óþekkt skref til að styrkja lærdómsferli nemenda sinna. Skemmtilegt samstarf hefur skapast við skóla á Reykjanesi um speglaða kennsluhætti. Gæti Reykjanes orðið fyrsta landsvæðið á Íslandi sem tekur almennt upp þenna hátt í starfi sínu.

Í viðleitni Keilis til að þjóna hlutverki sínu hefur fjölgað samstarfi við ýmsa erlenda skóla á ýmsum sviðum. Má þar nefna University of Highlands and Islands í Skotlandi, AGH tækniskólann í Póllandi, KaosPilot skólann í Danmörku og tvo bandaríska háskóla. Væntum við mikils af samstarfi þessu – bæði til að auka námsframboð en ekki síður sem tækifæri fyrir nemendum okkar.

Háskóli Íslands er stærsti hluthafinn í Keili. Sú staðreynd sem og eindreginn áhugi frá rektorsskrifstofu til að styðja við bakið á Keili á ekki minnstan þátt í að leggja traustan grunn að starfinu. Fyrir það ber að þakka.

Starfsfólki Keilis, stjórnarmönnum og samstarfsaðilum eru færðar bestu þakkir fyrir skemmtilegt og árangursríkt ár.

*Hjálmar Árnason,
framkvæmdastjóri*



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Enn eitt starfsár Keilis er að baki. Í raun er það ótrúlegt að ekki séu nema sex ár síðan Keilir var stofnaður við heldur sérstakar aðstæður eftir brottför varnarliðsins. Á þessum stutta tíma hefur tekist að skapa þekkt merki – Keili.

Nýr og nokkuð sérstakur skóli hefur haslað sér völl í þjóðfélaginu og er orðinn þekktur á landsvísu. Sérstaða Keilis byggir á nokkrum þáttum. Má þar nefna þá staðreynd að starfrækja námsbrautir bæði á framhaldsskólastigi og háskóla (einn íslenskra skóla), reka Háskólabrú – þá einu sem veitir aðgang að öllum háskólum landsins – er

forystuafli í innleiðingu nýrra kennsluhátta – rekur flugflota, einstaka rannsóknaraðstöðu og náið samstarf við atvinnulífið. Í þessari sérstöðu felast mikil verðmæti.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsfólki Keilis fyrir að skapa og fara vel með þessi verðmæti sem þeim hefur verið trúað fyrir. Gildi menntunar sannast vel með starfi Keilis.

*Árni Sigfússon,
stjórnarformaður*



KENNSLUSVIÐ

Kennslustjórar eru Anna María Sigurðardóttir og Björk Guðnadóttir. Auk þeirra starfa á kennslusviði, Skúli Freyr Brynjólfsson náms- og starfsráðgjafi í 100% stöðu, Sigrún Arnardóttir náms- og starfsráðgjafi í 40% stöðu og Ingibjörg Elín Bjarnadóttir, sem er í 30% stöðu sem prófstjóri. Keilir og bókasafn Reykjanesbæjar hafa gert samstarfssamning og sinnir Stefanía Gunnarsdóttir starfi bókasafnsfræðings hjá Keili.

Kennslusvið er stöðdeild við þær deildir sem í boði eru innan skólans. Undir kennslusvið fellur, nemendaskráning, kennslukerfi í stað- og fjarnámi, náms- og starfsráðgjöf, prófstjórn, bókasafn og gæðaráð.

Hlutverk kennslusviðs er m.a. samskipti og skýrslugerð fyrir menntamálaráðuneytið, hagstofuna og Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Þá situr kennslusvið reglulega kennarafundi hjá öllum deildum, hefur umsjón með handbókum kennara og nemenda, stundatöflugerð, framkvæmd prófa, ber ábyrgð á útskrift og dagskrá skólaárs. Framkvæma kennslu- og þjónustukannanir, sjá um og fylgja eftir ferlum í gæðahandbók, búa til gæðaskýrslur ásamt því að samræma kennslu og hafa yfirsýn yfir þá starfsemi sem á sér stað innan skóla Keilis. Þá er hlutverk kennslusviðs einnig þróun og umsjón kennslukerfis í stað- og fjarnámi, umsjón og skráningu einkunna fyrir alla skóla ásamt Menntastöðum á Suðurnesjum, Reykjavík og á Akureyri. Kennslusvið sér einnig um að þjálfa alla kennara og nemendur Keilis til notkunar á kennslukerfinu Moodle.

Haustið 2012 urðu þær skipulagsbreytingar að Steinþóra Eir lét af störfum sem prófstjóri í 30%

stöðu og var Ingibjörg Elín Bjarnadóttir ráðin í hennar stað. Prófstjóri hefur umsjón með öllu prófahaldi innan Keilis.

NÁMSKEIÐ OG NÝJUNGAR

Þegar nýr kennari er ráðinn fær hann kennslu á Moodle kennslukerfið og á þau töl sem Keilir býður uppá. Einstaka kennarar hafa óskað eftir meiri kennslu og hefur kennsluvið orðið við þeim beiðnum hverju sinni. Í upphafi vorannar fór Björk á Akureyri og hélt námskeið fyrir kennara í Moodle. Byrjendanámskeið var fyrir þá sem voru að byrja að kenna en farið var yfir með vönum kennurum hvernig mætti nýta kerfið betur. Kennlustjórar fóru í heimsókn í þrjá framhaldsskóla í höfuðborginni á árinu til að kynna sér starf skólanna og þær hafa farið á margvíslegar ráðstefnur og fyrirlestra til að kynna sér helstu nýjungar.

ÚTSKRIFAÐIR NEMENDUR

Árið 2012 útskrifaði Keilir 355 nemendur, flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 213 nemendur. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda útskriftarnema eftir brautum árið 2012:

Deild	Fjöldi
Háskólabrú - Fjarnám	90
Háskólabrú - Staðnám	123
ÍAK - Einkapjálfar	92
ÍAK - Íþróttapjálfar	1
Flugþjónustubraut	13
ATPL - Atvinnuflugmannsnám	6
ATC - Flugumferðastjórnarnám	8
Flugrekstrarfræði	7
Tæknifræðinám	15
Samtals árið 2012	355

Í lok ágúst 2012 hafði Keilir útskrifað 1291 nemendur þar af 746 af Háskólabrú.

BÓKASAFN

Stefanía Gunnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur starfar á bókasafninu alla daga nema föstudaga.

Þór Fjalar Hallgrímsson, bókasafns- og upplýsingafræðingur vinnur á föstudögum í Keili og leysir af ef þess þarf.

Aðsetur bókasafns Keilis er í miðrymi Keilis, Grænásbraut 910 – Ásbrú. Starfsmaður er á vakt frá kl. 10:00 - 16:00 alla skóladaga.

Þjónustusamningur á milli Bókasafns Reykjanesbæjar og Keilis var endurnýjaður óbreyttur í febrúar 2012. Samkvæmt samningnum fá nemendur Keilis fullan aðgang að safnkosti og þjónustu bókasafns Reykjanesbæjar. Samningurinn felur m.a. í sér að:

- Nemendur Keilis fá frí lánþegaskírteini
- Nemendur Keilis fá upplýsingaþjónustu og aðstoð við heimildaleit
- Nemendur Keilis fá safnkennslu í upplýsingalæsi
- Bókasafns- og upplýsingafræðingur er á vakt í Keili alla kennsludaga frá kl. 10:00 til 16:00

HLUTVERK BÓKASAFNS KEILIS

Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafn Keilis veitir persónulega þjónustu og styður nám og kennslu við skólann. Þjónustan við notendur felst einkum í:

- faglegri upplýsingaþjónustu
- leiðbeiningum við heimildaleit
- leiðbeiningum við upplýsingalæsi
- úrvinnsla heimilda
- útlán
- námsaðstoð

Eintakafjöldi bókasafns Keilis í árslok 2012 var 4.142, þar af bækur 3.080. Árið 2010 var heildarfjöldi 3.688, þar af bækur 2.721.

ÁHERSLUR BÓKASAFNS KEILIS

- Ennþá eru fleiri gjafabækur að berast frá einstaklingum og stofnunum. Margar af þessu bókum eru ekki til í Gegni og þær þarf að nýskrá.
- Allar námsbækur sem notaðar eru við kennslu eru keyptar á safnið auk efnis sem styður þær fræðigreinar.
- Bókasafnið heldur kynningar á þjónustu safnsins, heimildavinnu, tilvísunum og höfundarétti fyrir alla nýnema Keilis.
- Áfram var lagður aukinn þungi á notendakennslu fyrir nemendur. Öllum er boðið upp á fræðslu í upplýsingalæsi þar sem áherslan er að kenna notendum færni í upplýsingalæsi, þ.e. að finna, nota og meta upplýsingar með faglegum og ábyrgum hætti. Nýr fyrirlestur um hvernig nemendur finna heimildir á leitir.is var tekinn upp og settur á Moodle.
- Skjalakerfi One Systems. Innleiðing hófst á haustdögum 2012.

Margar og góðar bókagjafir bárust safninu á árinu:

- Bókagjöf frá Orkustofnun
- Vegleg gjöf af flugbókum.
- 41 bækur í tæknifræði að gjöf frá sendiráði Bandaríkjanna
- Þjóðskjalasafn sendi á safnið plakat af Jóni Sigurðssyni að gjöf
- Fengum 11 bækur að gjöf um fjármál og framleiðslustjórnun
- Tímarit í kassavís frá flugmálastjórn

Millisafnalán á árinu voru 8 (3 árið 2011).

NÁMSKEIÐ OG FUNDIR

- Fyrirlestur um opinber vinnuskjöl hjá Félgi um skjalastjórn.
- Heimsókn í Bókasafnið í Háskóla Reykjavíkur. Kynnti mér millisafnalánin og starfsemina.
- Ráðstefnan um rafbækur og bókasöfn.
- Vinnustofa um vandamál í skráningu.
- Innleiðing á One System skjalavistunarkerfi. Handbók um kerfið tilbúin í nóvember.
- Landsfundur Upplýsingar, ráðstefnan „Gagn og gaman“.
- Námskeið hjá Landskerfum í aðfangabætti
- Vorfundarferð SBF var haldin í Vestmannaeyjum í byrjun júní. Bókasafnsfræðingar úr framhaldsskólum héldu í vinnuferð.
- Fundir hjá Samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum.
- Fundir hjá kennsluviði alla fimmtudaga.
- Fundir hjá Gæðaráði Keilis.

KYNNINGAR

Janúar: Kynning á heimildaleit og þjónustu bókasafns Keilis fyrir fjarnemendur.

Apríl: Okkar árlegi Bókasafnadagurinn var haldinn 17. Apríl. Safnið skreytt með blöðrum og boðið upp á sleikjó.

Ágúst: Kynning á starfsemi safnsins fyrir nýnema í Tæknifræði. Einnig fyrir nýja nemendur í Háskólabrú, staðnám.

Október: Birgir frá hvar.is kom í tæknifræðina og sýndi og kenndi að leita í rafrænum gagnasöfnum. Fyrirlesturinn var tekinn upp og settur á Moodle

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Í vetur hafa tveir náms- og starfsráðgjafar starfað við skólann, þau Sigrún Arnardóttir í 40% stöðu og Skúli Freyr Brynjólfsson í 100% stöðu.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nemendum skólans stuðning meðan á námi stendur með því að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni ráðgjafarinnar eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, ráðgjöf og úrræði vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika, persónuleg ráðgjöf, að efla sjálfsþekkingu nemenda og upplýsingagjöf um námsleiðir og störf. Talsverður hluti af starfi náms- og starfsráðgjafanna felst í að svara fyrirspurnum um allar deildir skólans og taka þátt í inntökuferli á allar deildir, þ.á.m. inntökuviðtölum.

ÚTFÆRSLA OG EFTIRSPURN

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nána og persónulega ráðgjöf með það að markmiði að styrkja sjálfstæði og sjálfstraust nemenda. Í því skyni leitast ráðgjafarnir við að vera til staðar þegar nemendur þurfa á að halda og vera mjög sýnilegir í opnum rýmum skólans.

Á haustönn var tekið upp nýtt skráningarkerfi og hefur uppistaða starfsins verið persónuleg viðtöl og til að gera sér grein fyrir umfangi þeirra skráði sá námsráðgjafi sem er í fullu starfi hjá sér 494 viðtöl, símtöl, fyrirspurnir eða inntökuviðtöl frá 1.ágúst til 31. desember. Á þessu tímabili leituðu 125 nemendur til námsráðgjafa sem skiptast eftir deildum á eftirfarandi hátt:

Deild	Fjöldi
Háskólabrú - Staðnám	80
Háskólabrú - Fjarnám	16
Tæknifræði	16
Íþróttakademía	9
Flugakademía	4
Samtals árið 2012	125

NÁMSKEIÐ

Við upphaf skólagöngu í Keili fá allir nemendur stutta kynningu á hlutverki náms- og starfsráðgjafa, auk þess sem boðið er upp á ýmis námskeið. Í heildina hafa í kringum 100 nemendur nýtt sér þessi boð. Eftirtalin námskeið voru haldin:

- Átta námstækninámskeið voru haldin þar sem hvert námskeið tók 60-90 mínútur í eitt skipti.
- Vinnustofa um námsval og ferilsskrárgerð var haldin tvisvar, tveir tímar í hvort skipti.
- Eitt námskeið um kvíðastjórnun var haldið, sem skiptist í fjögur skipti sem hvert tók 90 mínútur.
- Tvö prófkvíðanámskeið voru haldin, sem skiptust í tvö skipti, tvo tíma í senn.

ANNAÐ

Nemendum gefst kostur á að koma í STRONG áhugasviðskönnun og fengið viðtal þar sem farið er yfir útkomu þeirra. Hluti af því viðtali er notað í almenna starfsráðgjöf.

Hafi nemendur grun um lesörðugleika, athyglisbrest eða aðra örðugleika, hafa náms- og starfsráðgjafar hvatt nemendur til að fara í greiningu til að sannreyna það.

Náms- og starfsráðgjafar hafa einnig hvatt nemendur til að nýta sér tilboð á hraðlestrarnámskeiðum sem hafa staðið þeim til boða.



TÆKNIFRÆÐINÁM KEILIS

Í nýlegu riti Samtaka atvinnulífsins "Uppfærum Ísland" kemur fram að fjölga þurfi útskrifuðu fólki úr verkfræði, tækni- og raunvísindanámi á Íslandi. Mikil tækifæri felast í tæknifræðimenntun og er þegar umtalsverð eftirspurn fyrirtækja eftir starfsfólki með þá menntun.

FYRSTA ÚTSKRIFT TÆKNIFRÆÐINNAR

Þann 23. júní 2012 útskrifaðist fyrsti árgangur úr tæknifræðinámi Keilis með BSc gráðu í tæknifræði og öðluðust útskriftarnemarnir um leið réttindi til að sækja um starfsheitið tæknifræðingur til Tæknifræðingafélags Íslands. Útskrifaðir nemendur hafa m.a. farið í framhaldsnám bæði hérlandis og erlendis, ráðið sig í vinnu til hugbúnaðafyrirtækja og á verkfræðistofur auk þess sem tveir nemendur

hafa stofnað sitt eigið nýsköpunarfyrirtæki á Ásbrú í framhaldi af lokaverkefni sínu.

Nemendurnir unnu metnaðarfull lokaverkefni og luku námi sínu með formlegri framsögn og vörn á verkefnunum sínum, ásamt veggspjaldakynningu við sjálfa útskriftina.

Nýsköpunarfyrirtækið GeoSilica, sem Fida Muhammed Abu Libdeh og Burkni Pálsson stofnuðu út frá lokaverkefnum sínum í tæknifræðinámi Keilis, hlaut 30 m.kr. styrk úr Tækniþróunarsjóði Rannís. GeoSilica vinnur hágæða kísilafurðir úr affallsvatni frá jarðvarmavirkjunum í samvinnu við Orkurannsóknir.

ÚTSKRIFAÐIR NEMENDUR & LOKAVERKEFNI

Björg Árnadóttir: Áfhrif nýtingar hratvarma við upphitun jarðvegs og helstu rannsóknarferlar.

Burkni Pálsson: Hreinsun á felldum kísli með rafdrætti (electrodialysis).

Egill Jónasson: Bilanagreining í rennslisstýringu hitaveituvatns: AVQ-hemlar í dreifikerfi HS-Veitna.

Fida Abu Libdeh: Forrannsókn: Nýting á kísil og jarðsjó frá Reykjanesvirkjun og áhrif þeirra á gerla og sveppi.

Gísli Lárusson: Frumhönnun á sjálfbæri dælustöð.

Jón Ásgeir Haukdal Þorvaldsson: Úttekt á raforkugæðum þjónustumiðstöðvar Nesvalla.

Kristinn Esmar Kristmundsson: Maður fyrir borð.

Kristinn Heiðar Jakobsson: Nýting metanóls til rafmagns- og varmaframleiðslu með efnarafala í Grímsey.

Oddsteinn Guðjónsson: Notendaviðmót og stýring fyrir loftþúðafjöðrun.

Ólafur Kristjánsson: The Possibilities of Growing *Azolla* spp. using excess water from a geothermal power plant: A Review.

Ólafur Magnús Ólafsson: Vatnsframleiðsla með endurnýjanlegum orkugjöfum: Umbreyting á olíuskipi í vatnsverksmiðju drifna af sólarorku.

Róbert Unnþórsson: Hönnun og framleiðsla á frumgerð tölvustýrðrar roðvélar.

Rúnar Már Kristinsson:
Sveppatínsluvél.

Siranoush Maríá Torossian: Nýting á skiljuvatni frá háhita-jarðvarmavirkjunum til raforkuframleiðslu: Varmafræðilegt mat á virkjunum í Kröflu og Bjarnarflagi.

STARFSFÓLK DEILDARINNAR


Nokkrir nýir starfsmenn og stundakennarar tóku til starfa á árinu. Þá tók Karl Sölvi Guðmundsson, forstöðumaður tæknifræðináms Keilis, sér árs leyfi frá störfum frá og með 1. desember 2012 og mun hann stýra Austurbrú á því tímabili. Við hans starfi tók Sverrir

Guðmundsson, sem starfaði áður sem sérfræðingur hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands ásamt því vera stundakennari við Verkfræðideild HÍ í fjölda ára og við tæknifræðináms Keilis frá árinu 2011.

Hilmar Þór Birgisson, kennari við tæknifræðináms Keilis, hlaut önnur verðlaun í Hagnýtingarverðlaunum Háskóla Íslands.

NÁM OG KENNSLA

Metaðsókn var í tæknifræðináms Keilis; ríflega 40% aukning á umsóknum í námið milli ára. Samtals voru því um 60 virkir nemendur að jafnaði á öllum þremur árum tæknifræðinámsins.



Nýnemar í tæknifræðináms Keilis hófu nám sitt með að vinna verkefni sem gekk út á að byggja fjarstýrða kúplingu í bíl á aðeins 48 klukkustundum. Verkefnið gekk að óskum og er góður vitnisburður um mátt þeirra nemenda sem leita í tæknifræðináms Keilis. Einn megintilgangur verkefnisins var hópefli og að stuðla að teymisvinnu hjá nýnemum, sem tókst í alla staði vel.

Nemendur á þriðja ári í mekatróník hátæknifræðinámi Keilis smíðuðu sjálfvirkan búnað sem þurrkar upp svita og tár sem falla á gólf íþróttahúsa á kappleikjum. Tækið fékk nafnið Þerrari og kom hugmyndin frá Stefáni Bjarkasyni hjá íþrótt- og tómsfundasviði Reykjanesbæjar en fyrirtækið Þrífækni ehf. kostaði smíði tækisins. Umfjöllun um tækið birtist í fréttum RÚV, sjónvarpsþættinum Landanum á RÚV og í Víkurfréttum.

Námskeiðinu Tæknismiðjan var komið á fót í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS). Námið verður kynnt hjá skjólstæðingum Vinnuálastofnunar, Verkalýðs- og sjómannafélagi Suðurnesja og Atvinnutorgi með það fyrir augum efla áhuga þeirra á frekara námi.

Tekinn var í notkun nýr námsskrárvefur fyrir tæknifræðinámi Keilis. Hægt er að nálgast upplýsingar um áfanga, lýsingu, hæfnisvimið og forkröfur á nýjum námsskrárvef fyrir tæknifræðinámi Keilis, heildaryfirlit yfir þá áfanga sem eru í boði sem og lýsingar og hæfnisviðmið á stökum áföngum bæði á íslensku og ensku.

STEFNUMÓTUNARVINNA

Í október 2012 var haldinn stefnumótunardagur í Hveragerði fyrir starfsmenn tæknifræðideildar Keilis. Hópurinn tók þátt í svokallaðri SVÓT greiningu þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri voru greind. Einnig var stefna deildarinnar mótuð og hlutverk skilgreind ásamt því sem hópurinn setti fram ákveðin markmið til framtíðar.

SAMSTARF

AGH tækniháskólinn í Kraká í Póllandi var heimsóttur. Efni heimsóknarinnar var að ræða samstarf AGH og Keilis á sviði tæknifræði, fjarkennslu, nemenda- og starfsmannaskipta,

framhaldsnáms (M.Sc) fyrir útskrifaða nemendur KIT o.fl.

James Gentry, vísindamaður hjá Umhverfisstofnun BNA, vann verkefni fyrir tæknifræðinámi Keilis. James kom á vegum bandaríska sendiráðsins á Íslandi, á "Embassy Science Fellow" styrk. Hann vann að mögulegri markaðssetningu á tæknifræðinámi Keilis í Bandaríkjunum og að koma á tengslum við bandaríska háskóla og stofnanir.

RANNSÓKNARVERKEFNI

Keilir, ásamt Alkemistanum og Náttúrustofu Reykjaness, hlutu 1 m.kr. styrk í eitt ár úr Atvinnuþróunarráði sveitarfélaga á Suðurnesjum, til rannsókna á nýtingu og vinnslu á lífrænt vottuðum þörungum til notkunar í heilsu- og húðvörum.

Samningur var gerður milli Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar (Kadeco) og Orkurannsóknar Keilis, sem starfa náið með tæknifræðináminu, um rannsóknir á PCB spilliefnum í jarðvegi. Verkefnið er til þriggja ára.

Verkefnið "Gæðasalt úr jarðsjó" hlaut verkefnisstyrk frá AVS-sjóðnum og Tækniþróunarsjóði árið 2011 og lauk verkefninu í lok ársins 2012. Verkefnið fólst í framleiðslu á grófu fiskisalti úr jarðsjó á Reykjanesi og samanburði við innflutt fiskisalt við saltfiskverkun. Að verkefninu standa Agnir ehf., Keilir, Matís ohf. og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Niðurstöður leiddu í ljós að hærri nýting fékkst í saltfiskverkun með salti unnu úr jarðsjó, ásamt því að verkunin tók styttri tíma þar sem upptaka salts í þorskvöðva var meiri í samanburði við innflutta saltið. Salt unnið úr jarðsjó var sambærilegt við innflutta saltið að bragðgæðum.

VERKEFNUM SEM LAUK Á ÁRINU

Keilir tók þátt í Evrópuverkefninu Enter+ sem var samstarfsverkefni skóla í Frakklandi, Slóveníu, Ítalíu, Þýskalandi, Danmörku og Íslandi. Verkefninu lauk á árinu, en það gekk út á að búa til samstarfsnet evrópskra menntastofnanna með áherslu á nám og þjálfun sem tengist endurnýjanlegri orkutækni og leiðum í orkunýtingu.

Áhersla verkefnisins var á samantekt á nýjungum í starfsþjálfun og námsleiðum sem tengjast breytingum í orkumálum með því að draga fram jákvæða reynslu úr aðildarlöndunum, sér í lagi sem tengist menntaúrræðum og þjálfun starfsfólks. Samstarfsaðilar verkefnisins deildu góðum starfsháttum í þjálfun og námi sem tengist umhverfi og orku, ásamt því að auka við þekkingu, aðferðafræði og kennslufni í umhverfis og orkumálum, sem og auka áhuga og sjálfstæði nemenda á efninu.

Tæknifræðinám Keilis var aðili að Evrópuverkefninu CATS sem hlaut 500.000 EUR styrk frá Leonardo da Vinci áætluninni. Verkefnið kallast Competencies and transferrable skills: eService solutions for the energy sector eða CATS. Í verkefninu var kortlögð kunnátta, færni og geta starfsfólks í vistvæna orkugeiranum og sett inn í sameiginlegan hæfnisramma þannig að hægt sé að bera saman milli landa og orkugeira. Þessir hæfnisrammar verða samræmdir á vef og aðgengilegir bæði fyrir fyrirtæki í orku og svo skóla og annarra sem sjá um menntun og þjálfun fólks.

Keilir er þáttakandi í GEORG – GEOthermal Research Group sem er alþjóðlegur rannsóknarklasi í jarðhita. Auk Keilis standa 19 fyrirtæki, stofnanir og háskólar að verkefninu, þar á meðal eru nokkrir eigendur Keilis : Háskóli Íslands, HS-Orka, Orkuveita

Reykjavíkur og Íslenskar Orkurannsóknir. Rúnar Unnþórsson situr í stjórn GEORG fyrir Keilis hönd. Framahaldsverkefni í GEORG og GEKON verkefnunum hófust árið 2012

KYNNINGAR

Mikil áhersla var lögð á að kynna tæknifræðinám Keilis fyrir nemendum sem lokið hafa iðnnámi og starfandi iðnaðarmönnum og er nálgun og uppbygging námsins mun verkefnamiðaðri en gengur og gerist í háskólanámi. Námið hentar því vel þeim sem hafa góða verkþekkingu og áhuga á tæknilegum lausnum og nýsköpun.

Tæknifræðinám Keilis var kynnt á Háskóladeginum, á árlegum Skrufudegi Tækniskólans og með þátttöku í Vísindavöku Rannís, en sú þátttaka vakti m.a. athygli í fjölmiðlum. Námið var einnig kynnt í framhaldskólum bæði á Reykjavíkuvæðinu og víða um land. Nemendum nokkurra skóla, þar á meðal frá Háskólabrú Keilis, var boðið í heimsókn þar sem þeir fengu kynningu á tæknifræðináminu ásamt tækifæri til að skoða aðstöðuna.

Haldin var kynning á náminu fyrir Suðurnesjamenn í Stapanum.

Tekið var á móti nemendum af yngstu stigum úr bæði Ísaksskóla í Reykjavík og Háaleitisskóla á Reykjanesi. Fengu þeir að kynna sér tæknifræðiaðstöðuna hjá Keili ásamt ýmsum áhugaverðum tækniundrum og vísindabrellum. Með þessu móti vill Keilir leggja sitt af mörkum til að efla áhuga ungmenna á raungreinamenntun.

Tækið Þerrari vakti mikla athygli og birtist umfjöllun um það í fréttum RÚV, sjónvarpsþættinum Landanum á RÚV og í Víkurfréttum.

OPNIR FYRIRLESTRAR

Robert Dell, aðjúnkt í vélaverkfræði við Cooper Union háskólann í Bandaríkjunum, flutti tvo fyrirlestra. Sá fyrri var um ræktun í upphituum jarðvegi. Titill erindisins var "Heated Gardens: Iceland and New York City". Sá seinni var um notkun hitaveituröra við orkuframleiðslu en heiti hans var "Thermoelectric-Based Point of Use Power Generator for Steam Pipes".

ACTA Technology og Umhverfisstofnun Bandaríkjanna var með vefyfyrirlestur í samstarfi við tæknifræðinám Keilis um verkefni sem tengist þróun á orkunýtnum og vistvænum varmadælum.

Sigurður Eyberg, umhverfis- og auðlindafræðingur, flutti erindi um loftslagsbreytingar í Andrews Theater. Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, setti viðburðinn með frásögn af ferð sinni með Al Gore til Suðurheimskautslandsins fyrr á árinu. Tæknifræðinám Keilis og Humboldt háskólinn í Bandaríkjunum voru með sameiginlegt webinar sem nefndist "Smoothing the Peaks, Gridshare Smart Grid Technology to Reduce Brownouts on Micro-Hydroelectric Mini-Grids in Bhutan".

AÐSTAÐA OG TÆKI

Á árinu lauk uppbyggingu á nýrri skrifstofu-aðstöðu fyrir starfsmenn tæknifræðináms Keilis og var starfsemin flutt í nýju aðstöðuna. Jafnframt var lokið við aðstöðu fyrir nemendur á lokaári og í lokaverkefnum, auk þess sem talsvert var gert í uppbyggingu á verkefnaaðstöðu. Við þetta varð stór bót á vinnuumhverfi starfsfólks og nemenda.

Þrjátíu og tveir tölvuþjónar fengust gefins frá Landsspítalanum og eru þeir nýttir sem kennsluútbúnaður í upplýsingatækni.



Tekin var upp myndbandsauglýsing fyrir Samsung farsíma í aðstöðu tæknifræðináms Keilis og notaðir til þess þjarkar (iðnaðarvélmanni) í eigu Keilis.

Sótt var um styrk í Tækjasjóð til að fjármagna kaup á CNC tækjum, en ekki höfðum við erindi sem erfiði. Keilir fór þá leið að leigja tölvufræsara (CNC fræsari) sem hefur nú þegar verið nýttur af tveimur útskriftarnemendu/m í lokaverkefnum þeirra.

Allir 7 ása Robota Keilis eru nú virkir í gegnum hugbúnaðinn Robotmaster. Einn þriðja árs nemi vinnur nú að lokaverkefni tengdu þeim.

Flugvirkjanám Keilis er nú komið með afnot af Smiðjuni og hefur komið upp aðstöðu sem nemendur í tæknifræði njóta góðs af.

Tæknifræðinám Keilis fékk veglega bókagjöf frá Umhverfisstofnun Bandaríkjanna (EPA). Gjöfin samanstendur af bókum og fræðiritum sem tengjast tæknifræði og vistvænni orku.

Vegna samstarfsverkefnis Orkurannsóknar og Kadeco um PCB mælingar í jarðvegi var ECD-nema bætt við gasgreini rannsóknarstofunnar auk þess sem keyptur var snúnings vakúum þurrkari (rotary evaporator) og glerskiljubúnaður í sama tilgangi.



FLUGAKADEMÍAN

Starfsemi Flugakademíu Keilis gengur með ágætum og er mikil fjölgun nemenda milli ára, þá sérstaklega í einkaflugnámi þar sem 35 nemendur hófu nám og að auki hófu 19 einstaklingar atvinnuflugnám sl. haust. Um er að ræða fjölgun bæði innlenda sem erlenda nemenda sem hafa ákveðið að sækja flugnám sitt til Keilis á árinu 2012.

Stöðug aukning hefur verið á komu erlendra nemenda í verklegt nám þar sem nemendur eru ýmist að safna sér flugtímum og samtímis að breyta amerískum flugskírteinum sínum í evrópsk réttindaskírteini flugmanna.

Aukin flugstarfsemi ársins hefur aukið álag á flugflotann og er því umfang raunverulegrar flugstarfsemi orðin mun meiri í alla staði en þekkt hefur til þessa, þá sérstaklega á sviði starfsmanna, þjónustu og viðhalds flugvéla.

Til að auka þjónustustig starfseminnar var ráðin þjónustufulltrúi í verklega deild, nýr þjálfunarstjóri tók til starfa á árinu og að auki að ráðinn var flugvirki í nýtt fullt starf til að tryggja reglubundið viðhald flugvéla. Við endurskipulagningu viðhaldsmála og ráðningu eigin flugvirkja hafa orðið stakkaskipti á viðhaldsþjónustu flugvélaflota Keilis. Nám í flugþjónustu fór vel af stað sl. haust og var þátttaka mjög góð, gerð var breyting á námsbrautinni í 8 vikna kvöldnámskeið. Við lok námskeiðs fá nemendur skírteini vottað af Flugmálastjórn Íslands um að þeir hafi lokið grunnþjálfun öryggis- og þjónustuliða.

Nám í flugumferðarstjórn berst í bökkum þar sem dregið hefur úr aðsókn í námið en sjö nemendur hófu nám sl. haust. 5 af þeim nemendum luku verklega náminu líka.

Undirbúningur hefur staðið yfir á árinu 2012 að því að hefja nám í flugvirkjun og mun nám hefjast nk. haust.

Nýr yfirkennari bóklegrar deildar var ráðinn á árinu. Breyttir kennsluhættir hafa tekið völdin með innleiðingu spjaldtölva og speglaðrar kennslu „Flipp“ og er Flugakademían hægt og rólega að breyta um kennsluhætti sem leggst mjög vel í nemendur og kennara. Það er sérstaklega ánægjulegt að geta þess að frammistaða nemenda Keilis er eftirtektarverð fyrir góðan árangur á prófum Flugmálastjórnar Íslands.

Verðskrá Flugakademíu var endurskoðuð á haustmánuðum og var í kjölfarið endurunnin og einfölduð, í kjölfarið var verðskrá seldra flugtíma hækkuð.

Mörkuð var markviss stefna í markaðsmálum fyrir Flugakademíu innanlands og erlendis sl. haust. Hringferð var farin um landið þar sem starfsemi Flugakademíu var kynnt og gafst það mjög vel fyrir og er verið að horfa á það sem árlegan viðburð hér eftir. Jafnframt var ákveðið að taka þátt í sölukynningum með skipulögðum og markvissum hætti, nota samskiptamiðla á netinu í auknu mæli hér á landi og á skipulögðum markaðssvæðum okkar í Evrópu.

Að auki voru gerðir umboðsmannasamningar við erlenda aðila sem vinna að sölu- og markaðsmálum fyrir Flugakademíu á erlendum vettvangi.





ÍÞRÓTTAAKADEMÍAN

Árið 2012 var slegið met í fjölda útskrifaðra einkaþjálfara frá ÍAK en í júní voru 90 nemendur útskrifaðir, þar af 20 á Akureyri.

Íþróttakademían hefur verið starfrækt sem ein af stoðdeildum Keilis frá árinu 2008. Frá þeim tíma hefur skólinn útskrifað 301 einkaþjálfara og 15 íþróttþjálfara. Veturinn 2012 -13 voru 73 nemendur í fullu námi við ÍAK einkaþjálfun og 4 í hlutanámi. Ekki bárust nægilega margar umsóknir í ÍAK íþróttþjálfun námið fyrir haustönn 2012 og var því fellt niður.

Vinsældir ÍAK einkaþjálfara námsins hafa verið með ólíkindum miðað við smæð markaðarins. Fjöldi útskrifaðra ÍAK einkaþjálfara er líklega meiri en heildarfjöldi starfandi einkaþjálfara á landinu öllu og von er á að 77 útskrifist í júní 2013.

Út frá fyrrnefndum forsendum var ákveðið að fara í ráðstafanir til að vera í stakk búin að takast á við hugsanlegri dýfu í umsóknum í náninni framtíð og fór mikil vinna á haust og vetrarmánuðum í undirbúning að breytingum á stundarskrá og uppsetningu nýrrar námsleiðar samhliða ÍAK einkaþjálfun, en það er ÍAK styrktarþjálfun sem er sérmenntun fyrir þjálfara er starfa við líkamsþjálfun afreksíþróttafólks.

RÁÐSTEFNU- OG NÁMSKEIÐAHALD

Þjálfarabúðir voru haldnar 4 sinnum á árinu með samtals 161 greiðandi þátttakendum. Haustráðstefna ÍAK var felld niður vegna lélegrar skráningar en tæplega 20 voru skráðir til leiks viku fyrir ráðstefnuna. Um 45 þátttakendur hefði þurft til að ná upp í kostnað. Þetta var töluverð minnkun á umsvifum á

Þessum þætti starfsemi ÍAK frá fyrra ári og greinilegt að samkeppni hefur aukist þessum markaði.

ÍAK KENNSLUBÓKIN

Hætt var að prenta út ÍAK kennslubókina eftir útskriftarhóp 2012 og var bókinn sett í rafrænt form á Moodle, kennsluvef skólans. Þessar breytingar urðu oft tilefni kvartana hjá nemendum og fannst sumum sem ÍAK væri að fara afturábak í þróun námsins. Skoðun stjórnenda skólans er á hinn veginn, að þetta sé framtíð kennsluhátta og rafrænt kennslu efni sé það sem koma skal og er það í anda stefnu Keilis að vera „grænn skóli“.

VETTIVANGUR VERKLEGRAR KENNSLU ÍAK

Íþróttahúsið sem hýst hefur verklega kennslu ÍAK frá árinu 2008, var breytt í líkamsræktarstöð fyrir almenning undir merkjum Sporthússins. Með nýju rekstrarfyrirkomulagi var pláss til verklegrar kennslu minnkað verulega og leiguverð hækkað til muna. Jákvætt var þó að öll aðstaða er mun snyrtilegri og endurspeglar réttan starfsvettvang einkaþjálfara. Samstarf ÍAK við rekstraraðila Sporthússins fór vel af stað og búist við áframhaldandi góðu samstarfi í náinni framtíð.

NÝSKÖPUN

Á haustönn var áhersla lögð á nýsköpun námsbrauta innan ÍAK og var byrjað að teikna upp nýtt nám í ævintýraferðþjónustu. Eftir nokkurra vikna vinnu við að kanna jarðvegin fyrir slíkt nám, var ákveðið að reyna að koma á samstarfi við erlendan háskóla og stóð valið á milli tveggja skóla, Thompson Rivers University (TRU) í Bresku Kólumbíu í Kanada og University of Highlands and Islands (UHI) í Skotlandi. TRU sýndi verkefninu mikinn áhuga og meðal annars sendi fulltrúa sinn hingað til lands í desember, til viðræðna við Keili. Þeirri heimsókn lauk með viljayfirlýsingu beggja aðila að hefja samstarf

með ævintýraferðanám hjá Keili haustið 2013 eða 2014.

STARFSMANNAMÁL

Arnar Hafsteinsson tók við sem forstöðumaður heilsuskólans af Gunnhildi Vilbergsdóttur sem dyggilega hefur byggt upp ÍAK þjálfaranámið og fest í sessi sem helsta menntun einkaþjálfara á Íslandi í dag. Arnar tók við í upphafi nýs skólaárs, í byrjun ágúst 2012.



Steinþóra Eir Hjaltadóttir gegndi áfram starfi verkefnastjóra ÍAK í 70% starfshlutfalli og 10 kennarar störfuðu við námið í hlutastarfi sem verktakar.

Nýr næringarfræði kennari var ráðin um mitt sumar 2012. Erna Héðinsdóttir næringarfræðingur og lýðheilsufræðingur tók við af Klemenzen Sæmundsyni. Erna kom sterk inn og fékk mjög gott kennaramat frá nemendum eftir kennslu á haustönn.

FRAMTÍÐARSÝN

Á döfinni er að ýta enn frekar undir gæðamerki ÍAK og festa skólann betur í sessi sem sérhæfð menntastofnun á sviði þjálfaramenntunar. Hluti af þeirri áætlun er að tengjast alþjóðlegum samtökum á borð við NSCA (National Strength and Conditioning Association). Hefur forseti samtakanna boðið forstöðumanni ÍAK að eiga fund um möguleikana á samstarfi.

Breytingar á ÍAK módelinu fela í sér að stærsti áfangi námsins, þjálffræði, verður brotinn upp í nokkra smærri en sá áfangi inniheldur 2x 15 fein einingar. Í framtíðinni mun einn kennari bera ábyrgð á hverjum áfanga sem verða 3 – 5 fein einingar hver. Starfsheitið „fagstjóri“ verður lagt niður þar sem það hefur ekki skilað þeirri hagræðingu sem lagt var upp með á sínum tíma.

Önnur breyting á ÍAK náminu er að fyrri önnin af tveimur inniheldur alla grunnáfanga og sú seinni inniheldur alla sérhæfða áfanga er snúa að verklegri og annarri sérhæfðri menntun einkaþjálfara. Geta nemendur valið að fara í annað hvort sérhæfingu í einkaþjálfun eða styrktarþjálfun.

Tvennt jákvætt hlýst af þessu: Annarsvegar munu eldri útskrifaðir ÍAK einkaþjálfarar geta komið aftur í nám við skólann og sérhæft sig í styrktarþjálfun án þess að endurtaka grunnkúrsa námsins. Hinsvegar er hugsanlegt að íþróttafræðingar, sjúkraþjálfarar og hjúkrunarfræðingar sjái sér leik á borði og komi í eins annar nám sem gefur þeim sérhæfða menntun í þjálfun.

Stefnt er á að hefja leiðsögunám í ævintýraferðaþjónustu í ágúst 2013 í samstarfi við Thompson Rivers University í Kanada. Námið er tveggja ára nám á háskólastig og fá nemendur 30 ECTS einingar að loknu náminu. Innan nokkurra missera er stefnt á að ganga lengra í samstarfi við TRU og bjóða upp á diplóma nám sem er tveggja ára og 60 ECTS einingar. Búist er við að námið muni vekja áhuga innanlands sem og erlendis.

Stefnt er á fara af stað með 3 ára BA nám í fíknig og forvarnamám í samstafi við Háskóla Íslands. Þegar þetta er skrifað er beðið eftir svari nefndar innan HÍ um framhaldið.





HÁSKÓLABRÚ

Forstöðumaður Háskólabrúar er Soffía Waag Árnadóttir. Inga Sveina Ásmundsdóttir er verkefnisstjóri fjarnáms. Kennarar á Háskólabrú eru 18 talsins.

Háskólabrú Keilis hefur frá árinu 2007 boðið upp á eins árs nám er veitir ígildi stúdentsprófs. Keilir hefur verið í samstarfi við Háskóla Íslands við skipulagningu námsins. Markmiðið með náminu er að veita nemendum góðan undirbúning fyrir krefjandi háskólanám. Að lokinni Háskólabrú geta nemendur sótt um háskóla hérlendis og erlendis. Háskólabrúin er kennd bæði í staðnámi og fjarnámi. Þörf fyrir nám eins og Háskólabrú hefur sannarlega sýnt fram á gildi sitt því aðsókn hefur verið góð frá upphafi.

Meðalaldur nemendahópsins hefur verið um 30 ár og um 40% nemendahópsins býr r á Suðurnesjum og í nemendaíbúðum á Ásbrú. Inntökuskilyrði á Háskólabrú eru að nemendur hafi lokið 70 framhaldsskóla einingum. Þar af þurfa umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti 6 einingum í stærðfræði, íslensku og ensku. Tekin eru inntökuvíðtöl við umsækjendur sem er einn mikilvægur liður í gæðastarfi skólans.

Haustið 2011 hófu 135 nemendur staðnám á Ásbrú og 24 nemendur á Háskólabrú Keilis á Akureyri. Það er annar hópurinn er hefur staðnám á Akureyri en við höfum unnið með góðum árangri með Símenntunarstöð Eyjafjarðar, SÍMEY sem sér um framkvæmd námsins.

NEMENDAMÍÐAÐAR KENNSLUAÐFERÐIR

Frá upphafi hafa kennsluaðferðir á Háskólabrú miðast við þarfir fullorðins fólks, við leggjum áherslu á verkefnavinnu, að nemendur vinni raunhæf verkefni ásamt því að vinna í hópi.

Eins og kom fram í síðustu ársskýrslu Keilis lofuðum við því að halda áfram að þróa nýjar kennsluaðferðir, efla verkefnavinnu og minnka fyrirlestarformið í takt við nýja tíma.

Þannig var ákveðið í samstarf við kennara Háskólabrúar að vinna að undirbúningi að breyttum kennsluháttum, innleiða svokallaða speglaða kennslu (e. flipped classroom) þar sem fyrirlestrar eru færðir heim og heimavinna í skólann. Markmiðið er að innleiða þessa kennsluaðferð í öllum áföngum haustið 2012.



Nýjar áfangalýsingar voru undirbúnar í öllum áföngum í tengslum við nýja aðalnámsskrá. Þar sem innihald allra áfanga var endurskoðað miðað við grunn- og lykilþætti námsskrár ásamt því að færa áfanga á þrep eftir nýju feiningakerfi (framhaldsskólæiningar).

NÁM ER VINNANDI VEGUR

Það sem einkenndi sérstaklega nemendahópin á Háskólabrú er sá fjöldi nemenda sem sótti nám í gegnum átaksverkefni

Vinnumálastofnunar „Nám er vinnandi vegur“.

Á Háskólabrú hófu um 60 nemendur nám á vegum átaksins. Einstaklega vel þótti takast til, við uppgjör Vinnumálastofnunar kom í ljós að minnsta brottfall vegna átaksins var á Háskólabrú Keilis og er það vel. Þar má þakka öfluggu starfsfólki og fagmennsku í námsráðgjöf.

FJARNÁM - EKKI SVO FJARLÆGT!

Fjarnám er þess eðlis að nemendur geta stundað námið óháð landfræðilegri staðsetningu enda eru prófastöðvar okkar um þrjátíu, héraendis, erlendis og á rúmsjó!

Í janúar 2012 hófu 120 nýnemar fjarnám á Háskólabrú en mun fleiri nemendur stunda fjarnám þar sem ákveðin fjöldi nemenda tekur námið á lengri tíma.

Mikil áhersla hefur verið lögð í að þróa búnað og skipulag til fjarnámskennslu í Keili. Við höfum tileinkað okkur nýjustu tækni sem völ er á í rafrænni kennslu og þannig leitast við að gera fjarnámskennslu síður fjarlæg, kennarar og nemendur eru í samskiptum og augu og eyru nema það sem kennari leggur fram og umræður skapast. Tæknin er vissulega mikilvægur þáttur í fjarnámi en auk þess hittast nemendur og kennarar í staðlotum í skólanum sem hefst með próftöku á fimmtudegi og nýr áfangi hefst á föstudegi og laugardegi á 5 vikna fresti.

SAMSTARF VIÐ SÍMENNTUNARSTÖÐVAR

Frá því janúar 2009 hefur Keilir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gert samning um Menntastoðir sem er nám hugsað fyrir þá sem ekki uppfylla inntökuskilyrði Háskólabrúar. Í samstarfi við Keili vegna Menntastoða eru einnig MÍMIR-símennt í Reykjavík og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY). Góð aðsókn hefur verið í Menntastoðir frá upphafi og margir nemendur þeirra hafa útskrifast frá Háskólabrú eða stunda þar nám. Einnig hefur Háskólabrú í staðnámi verið kennd á Akureyri í samstarfi við SÍMEY.

ÚTSKRIFT - LOKATAKMARKIÐ

Árið 2012 útskrifuðum við 213 nemendur, 123 nemendur útskrifuðust í staðnámi og 90 nemendur úr fjarnámi. Þannig höfum við frá upphafi útskrifað 746 nemendur af Háskólabrú. Við erum stolt af þeim fjölda nemenda sem hefur útskrifast frá okkur. Fjöldi nemenda er þó ekki markmið skólans í sjálfu sér. Okkar metnaður liggur í að undirbúa nemendur okkar sem best fyrir háskólanám. Þannig höfum við unnið markvisst að því að byggja upp gæðastarf skólans.

Einn liður í því er að fylgjast með gengi nemenda okkar í háskólum. Þannig höfum við gert kannanir á öllum útskrifuðum hópum frá Háskólabrú frá upphafi. En þær hafa sýnt að vel yfir 85% þeirra er útskrifast frá Keili fara í háskólanám og almennt telja nemendur sig vel undirbúna þegar í háskóla kemur.

Þær niðurstöður ríma við könnun er Háskóli Íslands lét gera (2010) á gengi nýnema í háskólanum en þar var Háskólabrú Keilis í fjórða sæti yfir þá nemendur sem telja sig best undirbúna af framhaldsskólum landsins.



Þessar kannanir eru mikilvægur hluti af því að gera gott nám betra og safna mikilvægum upplýsingum er nýtast í gæðastarfi skólans.

SPENNANDI TÆKIFÆRI Í SKAPANDI UMHVERFI

Keilir var stofnaður vorið 2007 og hefur aðsetur á Ásbrú í Reykjanesbæ á fyrrum varnarsvæði bandaríska hersins. Frá upphafi hefur skólinn einsett sér að byggja upp námsmannasamfélag þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Keilir starfar á fjórum sérhæfðum sviðum sem hvert hefur sínar áherslur í samræmi við markmið Keilis.




HÁSKÓLABRÚ



FLUGAKADEMÍA



ÍÞRÓTTAAKADEMÍA



TÆKNIFRÆÐI